

# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

---

## Fundargerð. Félags- og menningarmálanefnd.

### 10. fundur .

Haldinn 10. desember 2012.

Mættir á fundinn: Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir og Hrafnhildur Geirsdóttir.

Tölvupóstsamþykki: Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Erna Þórarinsdóttir, Jóhanna Njálisdóttir, og Kristján Steingrímsson.

1. Styrkbeiðni barst nefndinni vegna „Fjárlaganámskeiðs“ sem haldið var í Skjólbrekku 10. nóvember, erindið var dagsett 25. október. Farið var fram á 75 þúsund krónur ásamt vinnuframlagi Hjördísar tónlistarskólastjóra.  
Félags- og menningarmálanefnd samþykkti í tölvupósti 29. október að beina því til sveitarstjórnar að styrkja námskeiðið um 50 þúsund kr. ásamt vinnuframlagi Hjördísar tónlistarskólastjóra.
2. Í kjölfar hamfaraveðursins í byrjun september var haft samband við sveitarstjóra og oddvita um þann möguleika að halda styrktartónleika í Mývatnssveit. Kristján Jóhannsson söngvari vildi sýna hug sinn í verki og safna fé handa þeim bændum á Norðurlandi sem orðið hefðu fyrir tjóni vega veðursins. Nefndin tók þetta verkefni upp á sína arma og lagði mikla vinnu í undirbúning og skipulag tónleikanna sem áttu að vera 3. nóvember. Því miður var ekki hægt að halda þessa tónleika í sveitinni vegna óveðurs sem geisaði. Vinnuframlag nefndarinnar var samt mikið og nýttist í undirbúningi samstöðutónleika sem haldnir voru í Hofi 18. nóvember.

Dagbjört Bjarnadóttir